

Brjef landshöfðingja (til stiptyfirvaldanna).¹

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 27. febr. þ. á., skrifað mjer á þessa leið:

«Jafnframt því með álitum hlutaðeigandi sýslumanns og amtmanns að senda beiðni frá íbúum norðurhluta Norðurmúlasýslu, er fara þess á leit að praktiserandi lækni á Vopnafirði og sveitunum þar umhverfis, A. Tegner, megi verða veittur árlegur styrkur af almennu fje, til að halda áfram starfi sínu samastaðar, hafið þjer herra landshöfðingi í þóknanlegu brjefi frá 26. d. nóvemb. síðastliðins, skotið því til ráðgjafans, hvort tilefni megi virðast til, annaðhvort af lækna sjóðnum, eða af fje því, sem veitt er til ýmislegra óvissra gjalda fyrir árið 1875, að veita nefndum Tegner sem viðurkenningu fyrir lækni-störf hans í Vopnafirði, þökkabót í eitt skipti fyrir öll, að upphæð 100—200 rd., og getið þjer þess, að þjer með tilliti til breytingar þeirrar á lækna skipun Íslands, sem þjer ætlið, að sje ekki langt eptir að bíða, getið ekki ráðlagt það, að veita nú sem stendur neinum praktiserandi lækni árlegan styrk, en að þjer að hinu leytnu kannist við, að beiðendurnir, sem eru í miklum fjarska frá löggiltum lækni, hafi ástæðu til að vilja tryggja sjer læknishjálp þá, sem um getur.

Út af þessu skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, frekari birtingar og ráðstafanar þjónustusamlega tjáð, að ráðgjafinn eptir kringumstæðunum hefur þókst geta leyft, að praktiserandi lækni A. Tegner veitist 300 króna þökkabót, þannig: að þessi upphæð verði greidd honum úr lækna sjóðnum».

Ög leiði jeg ekki hjá mjer þjónustusamlega að tjá hinum heiðruðu stiptyfirvöldum þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og framkvæmdar.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu).

Ráðgjafinn fyrir Ísland, hefur 26. dag janúarmán. þ. á., ritað mjer á þessa leið:

«Jafnframt því, með áliti hlutaðeigandi amtmanns, að senda hingað beiðni sóknarprestsins að Möðruvallaklaustri, sira Davíðs Guðmundssonar, um, að sá hluti prestsskyldunnar, sem hann fær af umboðssjóðnum og honum hefur verið greiddur í eingirnissokkum, megi eptirleiðis verða greiddur honum eptir meðalverði allra meðalverða, en ekki í nefndri aurategund eða eptir verðlagi hennar í verðlagsskránni, hefur herra landshöfðinginn, næst því að athuga, að sú 9 hndr. prestsskylda, er nefndum presti ber, hafi að undanförunu verið greidd með 40 áln. tölgar, 340 áln. eingirnissokka, 40 áln. harðfiskjar, 2 hndr. á landsvísu og 420 áln. smjörs, í þóknanlegu brjefi frá 17. apríl f. á., farið því fram, að með því að prestsskyldan af klaustrunum að ætlun yðar, upprunalega hafi verið látin úti í hinum sömu aurum, og umboðssjóðurinn tók við í laudsskuldir og leigur, verði það, þar sem afgjaldagreiddsla klaustranna þegar að nokkru leyti sje og bráðum alveg muni verða breytt á þá leið, að hún fari fram eptir meðalverði allra meðalverða, eðlilegast, að prestsskyldan greiðist að öllu leyti á sama hátt, og hafið þjer því lagt það til, að prestsskylda sú, er Möðruvallaklausturs-presti beri af umboðssjóði þessa klausturs, alls 9 hndr., verði eptirleiðis greidd í peningum eptir meðalverði allra meðalverða.

Í þóknanlegu brjefi af 18. s. m., hefur herra landshöfðinginn ennfremur skýrt frá, að amtmaðurinn yfir norður- og austur-umdæminu, út af fyrirspurn frá hlutaðeigandi umboðsmanni um, hvort fara skuli eptir rentukammerbrjefi 6. maí 1843¹, þegar byggja eigi

1) Sama daginn var ritað amtmanninum yfir norður- og austur-umdæminu um málið.

2) Rentukammerbrjef þetta er prentað í lagasafni handa Íslandi XII. bls. 599—608 og er í því meðal annars ákveðið, að hafa skuli í skilyrði við byggingu jarða, að laudsskuldin skuli greiddast í peningum eptir meðalverði allra meðalverða.

Hinn 8. maí 1875.